

Kennsluáætlun haustið/vorið 2019-2020

Byrjendalæsi í 2. bekk**Íslenska samþætt með lífsleikni, náttúru- og samfélagsgreinum.**

Í Byrjendalæsi eru 15 kennslustundir á viku í 2. bekk. Kennari er Ólöf Linda Sigurðardóttir.

Vinnulag

Ætlast er til að nemendur geti sett sig í spor annarra jafnaldra, tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. Sýnt tillitssemi og virðingu í samvinnu við aðra. Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum, valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju og fróðleiks. Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að læra íslenska málfræði, dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Fræðist um hafið og leyndardóma þess, vatnið og hringrás þess og hvernig bíllinn virkar í okkar þjóðfélagi.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Almenn málfræði, stafsetning, ritun og lestur, fjaran, hafið og vatnið

Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: Almenn málfræði, stafsetning, ritun og lestur, bíllinn.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Upplestur frá kennara upplestur frá og fyrir jafnaldra leikrit teiknimyndir fræðimyndir	Nemandi getur ... • unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum • komið fram við aðra af virðingu og kurteisi • unnið vel og farið eftir fyrirmælum	Árshátíð símat leiðsagnarmat uppskeruhátíð

	smáforrit	• hlustað með athygli og sýnt virðingu, tillitsemi og kurteisi • horft með athygli á atriði flutt af gestum og samnemendum • lesið í umhverfi sitt • sagt frá atburðum og/eða upplifunum fyrir framan hóp • tjáð sig fyrir framan hóp • endursagt upplesinn og lesinn texta • beitt fjölbreyttum orðaforða	
Ritun	Skrift, og ýmis verkefni frá kennara.	Nemandi getur ... • dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega • gert sér grein fyrir uppbyggingu sögu og nýtt sér þá þekkingu við verkefnavinnu • samið texta frá eigin brjósti • beitt einföldum stafsetningarreglum • beitt fjölbreyttum orðaforða	símat leiðsagnarmat
Málfræði	Ritrún og ýmis smáforrit og verkefni frá kennara.	Nemandi getur ... • beitt reglum um stóran og lítinn staf • þekkt helstu einingar málsins s.s bókstafi, hljóð, samsett orð og málsgrein • leikið sér með orð • þekkt sérnöfn • þekkt andheiti og samheiti • búið til málsgreinar • þekkt greinarmerkin punkt, kommu og spurningarmerki	símat leiðsagnarmat
Lestur og bókmenntir	Lestarbækur tímarit	Nemandi getur... • nýtt sér jákvætt viðhorf til lestrar	Lesferill Læsi skimunarpróf

	fjölbreyttar barnabækur af bókasafni og frá kennara ljóð myndasögur	• lesið léttan texta • nýtt lesskilning sinn á texta við hæfi • lesið texta við hæfi fyrir framan hóp • þekkt ólíkar textagerðir s.s. fræðitexta, ljóð, sögur og ævintýri • þekkt bókmenntafræðileg hugtök s.s persóna, söguþráður, umhverfi, boðskapur, vísa, kvæði, ljóð, ljóðlína og rím	símat leiðsagnarmat
Lífsleikni	Ýmsar barnabækur, efni frá kennara, veraldarvefurinn, Uppeldi til ábyrgðar.	Nemandi getur ... • unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum • komið fram við aðra af virðingu og kurteisi • unnið vel og farið eftir fyrirmælum • tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefnið sitt • tjáð sig fyrir framan hóp • þekkt ólíkar tilfinningar	Árshátíð símat leiðsagnarmat bekkjarsáttmáli
Náttúrufræði Fjaran og hafið Vatnið	Komdu og skoðaðu fjöruna og hafið. Verkefni frá kennara. Ýmis verkefni af veraldavefnum.	Nemandi getur ... • sagt frá helstu einkennum ýsunnar. • sagt frá helstu einkennum þorsksins. • gert sér gein fyrir að í hafinu eru miklar auðlindir sem mikilvægt er að ganga vel um. • þekkt mismunandi hlutverk skipa og báta. • áttað sig á að í sjónum eru heitir og kaldir straumar. • þekkt nokkrar tegundir og flokka lífvera sem búa í og við sjó.	Símat. Leiðsagnarmat

		• áttað sig á að sjávarútvegur er mikilvægur atvinnuvegur á Íslandi. • gert grein fyrir að aðstæður í sjónum og við ströndina eru mjög margbreytilegar og lífríkið sömuleiðis. • lýst hvað felst í orðunum "flóð og fjara".	
Samfélagsfræði Bílinn Þorrinn	Komdu og skoðaðu bílinn. Kuggur á Þorrablóti – kennsluáætlun. Efni af veraldarvefnum.	Nemandi getur... • auki orðaforða sem tengjast bílum og farartækjum. • læri að þekkja orðið umhverfisáhrif og hvað bílar hafa mikil áhrif á það. • læri hvenær fyrsti bílinn kom til Íslands. • læri nokkrar umferðarreglur. • sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrir og nú. • bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.	Símat Leiðsagnarmat
Trúarbragðafræði	Ýmsar barnabækur Efni veraldarvefnum	Nemandi getur... • áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum. • átttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölskyldugerðar í samfélagi manna. • áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu.	Símat Leiðsagnarmat

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Ólöf Linda Sigurðardóttir